

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breyttu heiti Ólafsfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur í dag, að tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfest breytt stjórnarsýsluheiti fyrir sveitarfélagið Ólafsfjarðarkaupstað. Nýtt heiti skal vera Ólafsfjarðarbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. desember 2001.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Seljalandsskóla og Heimalands, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps þann 21. mars 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir Seljalandsskóla og Heimaland, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir raðhúsi með 4 íbúðum, stækkun skóla, sundlaug og íþróttasvæði auk núverandi bygginga.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vík, 20. desember 2001.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Sveinn Pálsson** skipulags- og byggingarfulltrúi.

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi utan lögbýla í Sveitarfélaginu Árborg, koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúanna og vernda gróður í sveitarfélaginu.